



**BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR**

Einkaskjalasafn nr. 637

**Alþýðukórinn
Söngfélag verkalýðsfélaganna
í Reykjavík- S.V.Í.R.**



Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 637

Alþýðukórinn Söngfélag verkalýðsfélaganna í Reykjavík- S.V.Í.R.



Formáli

Söngfélag verkalýðsamtakanna í Reykjavík (Alþýðukórinn) var stofnað 27. febrúar 1950. Það var öflugur blandaður kór sem starfaði innan verkalýðshreyfingarinnar um árabíl.

Sigursveinn D. Kristinsson tónskáld var aðalhvatamaður að stofnun kórsins og fyrsti söngstjóri hans. Markmið kórsins var frá upphafi að vinna að aukinni söng- og tónlistariðkun alþýðunnar í landinu, sérstaklega hvað snerti alþýðlega tónlist. Kórinn starfaði á árunum 1950-1967. Hann æfði og flutti lög og kórverk og mestur hluti verkanna voru frumflutt. Árið 1960 var nafni kórsins breytt í Alþýðukórinn (S.V.Í.R) og nefndist hann það síðan. Sigursveinn D. Kristinsson starfaði lengst sem söngstjóri kórsins (1950-1955). Aðrir söngstjórar voru þeir Guðmundur Jóhannsson (1951-1952) á meðan Sigursveinn var erlendis, Jón S. Jónsson, Ásgeir Ingvarsson, Magnús Einarsson og dr. Hallgrímur Helgason (líklega 1960-1967).

Kórinn gaf út litla plötu með nafninu *Alþýðukórinn*.



Hún var gefin út á vegum Fálkans (líklega fyrir jólin 1962) en í fjölmiðlum, um það leyti, voru tvær plötur sagðar væntanlegar. Þrátt fyrir töluverða eftirgrennslna finnast ekki upplýsingar nema um aðra plötuna. Hins vegar komu tvö lög út á plötunni Amma raular í rökkrinu (árið 1975) en á þeirri plötu er að finna lög Ingunnar Bjarnadóttur í flutningi ýmissa listamanna.

Þau lög með Alþýðukórnum er ekki að finna á litlu plötunni.

(Heimild: Uppkast (2. síða) að ræðu eða ávarpi í skjalasafninu, óundirritað og án árs, *Morgunblaðið* 13. maí 1990, Glatkistan <https://glatkistan.com/2015/01/19/althydukorinn/>, Helgi J / 19. janúar 2015).

Ljósmyndir af Alþýðukórnum er einnig að finna í Einkaskjalasafni nr. 630 Litla- Brekka.

Afhending: Þórunn Einarsdóttir gaf Svanhildi Bogadóttur borgarskjalaverði skjöl Alþýðukórsins og Svanhildur og Ríkharður H. Friðriksson afhentu þau Borgarskjalasafni Reykjavíkur.

Innihald: Fundargerðabók, félagaskrár, bréf, tónleikaskrár, ljósmyndir o.fl.

Tímabil: 1950-1964

Magn: 1 askja

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málasafn 1950-1961.

Gerðabók áhugaliðs SVÍR (Söngfélag verkalýðssamtakanna í Reykjavík), 5. apríl til 19. júní 1954.

Mappa

Alþýðukórinn: Bréf, söngskrár o.fl.

Alþýðukórinn, yfirlit yfir starfssemi hans frá stofnun, 27. febrúar 1950, án árs.

Landsamband blandaðra kóra (LBK). Félagsskrá Söngfélags verkalýðssamtakanna (Alþýðukórinn), 1960 (stofnað 27. febrúar 1950).

Landsamband blandaðra kóra (LBK). Félagsskrá 1958 (stofnað 23. febrúar 1950).

Bréf til fjárveitinganefndar Alþingis frá Halldóri Guðmundssyni formanni, 15. mars 1960.

Ávarp Jóhannesar Ólafssonar til Alþýðukórsins, 30. maí 1960.

Landsamband blandaðra kóra (LBK). Félagsskrá Söngfélags verkalýðssamtakanna, 1958. (stofnað 23. febrúar 1950). Fylgir ársskýrslu félagsins 1958.

Nafnalisti yfir söngfólk í sópran, alt, tenór og bassa (4. síða), án árs.

Bréf til stjórnar Sambands blandaðra kóra frá Söngfélagi verkalýðssamtakanna í Reykjavík vegna söngfarar, 7. júní 1959.

Bréf til Alþýðusambands Íslands frá Alþýðukórnum (SVÍR), með beiðni um hækkun á styrk, 17. október 1960, uppkast.

Bréf stjórnar SVÍR til félaga, 5. janúar 1960.

Bréf til Alþýðusambands Íslands frá stjórn Söngfélags verkalýðssamtakanna í Reykjavík með upplýsingum um starfsemina, 17. janúar 1958.

Bréf frá Landsamband blandaðra kóra (LBK) vegna ársþings 1960, 12. maí 1960.

Fundargerð 19. ársþings LBK í Reykjavík, 8. og 10. júní 1959.

Bréf til LBK þar sem Söngfélag verkalýðssamtakanna sækir um styrk til raddþjálfunar kórfélaga, 28. október 1959.

Bréf til LBK um að þann 27. október 1960 hafi verið samþykkt að kórinn skuli framvegis heita „Alþýðukórinn“ (Söngfélag verkalýðssamtakanna í Reykjavík) og skrifist: Alþýðukórinn S.V.Í.R., 23. maí 1961.

Starfsskýrsla Alþýðukórsins fyrir árið 1960-1961, 7. júní 1961.

Starfsskýrsla S.V.Í.R. veturinn 1957-1958, 2. júní 1958.

Helgítónleikar í Hafnarfjarðarkirkju, tónleikaskrá 31. janúar kl. 9 síðdegis. 3. Helgítónleikar veturinn 1959-1960.

Helgítónleikar í Laugarneskirkju, tónleikaskrá, 18. apríl 1960 kl. 9.

Bréfsfni Söngfélags verkalýðssamtakanna í Reykjavík.

Eyðublað að félagsskrá LBK.

Örk 1

Alþýðukórinn. Söngfélag verkalýðsfélaganna í Reykjavík (S.V.Í.R.).

Alþýðukórinn SVÍR 10 ára. Afmælisamsöngur í Austurbæjarbíó, söngskrá, 27. maí 1960.

Þrjár hópmyndir af Alþýðukórnum, án árs.

Umslag. Hópmynd af Alþýðukórnum, tvær filmur.

Skráð í nóvember 2018
Gréta Björg Sörensdóttir